

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Reykjanesbæ.

Deiliskipulag lóðar fyrir leikskóla við Vallarbraut í Njarðvík, Reykjanesbæ.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Reykjanesbæjar þann 21. mars 2000 samþykkt deiliskipulag af lóð á mótum Vallarbrautar og Krossmóa. Lóðin verður nr. 20 við Vallarbraut og er gert ráð fyrir byggingu 6-7 hundruð fermetra leikskóla á lóðinni.

Deiliskipulagsupprátturinn hefur verið sendur Skipulagsstofnun til yfirferðar.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Reykjanesbæ, 25. apríl 2000.

Ellert Eiríksson bæjarstjóri.

AUGLÝSING

um stórgripi í afrétt Grýtubakkahrepps.

Samkvæmt samþykkt sveitarstjórnar Grýtubakkahrepps, gróðurverndarnefndar Eyja-fjarðar og Landgræðslu ríkisins hefur verið ákveðið samkvæmt b-lið 16. gr. laga nr. 6/1986 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. að banna að reka eða sleppa stórgripum á afrétt Grýtubakkahrepps fyrr en 1. júlí ár hvert. Ef misbrestur verður á, getur hreppsnefnd látið sækja gripina á kostnað eigenda.

Óheimilt er öðrum en íbúum Grýtubakkahrepps að sleppa búfé í afréttarlönd hreppsins nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar.

Smölun stórgripa úr afrétt skal fara fram eigi síðar en helgina milli 1. og 2. gangna.

Auglýsingin tekur gildi nú þegar.

Grenivík, 17. apríl 2000.

Sveitarstjóri Grýtubakkahrepps,

Guðný Sverrisdóttir.

ARÐSKRÁ

fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár.

<i>Jarðir:</i>	<i>Einingar:</i>
1. Hvítárvellir I	25,0
2. Hvítárvellir II	8,7
3. Þingnes	91,8
4. Hestur	115,0
5. Laxfoss (Tvær kirkjur)	20,2
6. Myrkhylur og Smáfossar	2,7
7. Fossatún	21,9
8. Múlakot	47,4
9. Mávahlíð	19,1